



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Grunnathugun fiskeldissvæðis í Seyðisfirði

Unnið fyrir Háafell

Cristian Gallo

April 2025

NV nr. 10-25

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning mán/ár:
		Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Skýrsla nr: NV nr. 10-25	Verknúmer: 670	
Heiti skýrslu: Grunnathugun fiskeldissvæðis í Seyðisfirði		Blaðsíður: 19 Fjöldi tafla: 6
Höfundur: Cristian Gallo		Fjöldi kort/mynd: 3 Fjöldi viðauka: 2
Unnið fyrir: Háafell hf.		Gerð skýrslu/Verkstig: Lokaeintak
Útdráttur: Grunnathugun á botngerð og lífríki botns fiskeldissvæðis í Seyðisfirði í Ísafjarðardjúpi fór fram 23. maí 2024. Framkvæmd sýnatökunnar var gerð samkvæmt ISO 12878 staðlinum. Niðurstöður benda til að botninn undir og í nágrenni kvíanna sé mjúkur sjávarbotn. Mælingar á setinu sýndu að hitastig botnsins var um 3,5 °C, afoxunarmáttur (Eh_{SHE}) var um 160 mV og sýrustig (pH) var um 7,4. Við Seyðisfirði fundust a.m.k. 68 dýrategundir eða hópar. Fjöldi hópa/tegunda á stöð var frá 13 til 41. Fjöldi dýra á stöðvum var milli 123 og 484 dýr á 0,1 m². Í botndýrasamfélaginu voru burstaormar algengasti hópurinn með a.m.k. 43 flokkunareiningar og samlokur voru næstar í fjölda með 11 flokkunareiningar. Algengustu tegundirnar voru burstaormar eins og <i>Cossura pygodactylata</i>, <i>Euchone incolor</i>, <i>Prionospio steenstrupi</i> og <i>Sternaspis sp.</i> og samlokurnar gljáhnýtla og hrukkubúlða. Fjölbreytileikinn $H'(\log_e)$ var að meðaltali 2,3 og NQI1 var að meðaltali 0,62. Þessar niðurstöður (NQI1) sýna að ástand botnsins sé mjög gott samkvæmt íslensku viðmiðunargildi. Bray-Curtis skyldleika próf sýnir að um 60% skyldleiki sé milli stöðvanna sem teknar voru.		
Lykilorð íslensk: Grunnathugun, fiskeldi, botndýr, burstaormar, fjölbreytileiki, afoxunarmætti, NQI1 stuðull, MomB		Lykilorð ensk: Baseline monitoring, mariculture, benthos, polychaeta, diversity, redox, NQI1 index, MomB

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit.....	3
INNGANGUR	4
AÐFERÐIR	5
Sýnataka	5
Úrvinnsla.....	6
Mat á fjölbreytni og skyldleika	6
NIÐURSTÖÐUR	8
Staðsetning og einkenni sýnatökustöðva.....	8
Redox og pH mælingar	8
Botndýralíf	9
Fjölbreytileiki	10
Skyldleika próf	11
UMRÆÐUR	12
HEIMILDIR.....	13
VIÐAUKI I.	15
VIÐAUKI II.	18

INNGANGUR

Háafell hf. óskaði eftir því að Náttúrustofa Vestfjarða (Nave) framkvæmdi grunnathugun á fiskeldissvæði fyrirtækisins í Seyðisfirði í Ísafjarðardjúpi. Markmið þessarar sýnatöku var að kanna ástand botnsins áður en fyrirtækið setti út lax í maí 2024. Athugunin er liður í vöktun áhrifa fiskeldis Háafells hf. á botndýralífi samkvæmt starfsleyfi fyrirtækisins (Umhverfisstofnun 2021) og vöktunaráætlun þess fyrir tímabilið 2020-2025 (Cristian Gallo og Margrét Thorsteinsson 2020).

Á fiskeldissvæðinu í Seyðisfirði eru 5 kvíar sem hver um sig er 51 m að þvermáli eða 160 m að ummáli (mynd 1).

Árið 2023 var gerð athugun á straumi við fiskeldissvæðið og straumstefnan mæld á 30 m dýpi (Jón Örn Pálsson, 2023).



Mynd 1. Fiskeldissvæðinu í Seyðisfirði (mynd tekin 22 september 2024)

AÐFERÐIR


Sýnataka

Botnsýnataka fór fram þann 23. maí 2024 samkvæmt ISO 12878 staðlinum. Notuð var 250 cm² Van Veen greip sem látin var síga niður á botn og hífð upp með spili (koppi). Sýni taldist nothæft ef greipin var lokuð þegar hún kom upp og set í greipinni.

Tekin voru 24 dýrasýni á 8 stöðvum, 3 sýni á hverri stöð. Þar sem straumstefna var ekki skýr voru snið tekin fyrir innan- og utan- eldisvæðið og í miðjum firðinum (kort 1). Stöðvar voru teknar við kvíar (stöðvar E og F), 100 m (stöð B og D), 300 m (stöð C, G og H) frá kvíum. Viðmiðunarstöð (stöð V) var tekin utar í firðinum í um 700 km fjarlægð frá kvíunum (kort 1). Hver stöð var hnitsett (brot úr mínútum, *e. decimal minutes*) og dýpi skráð (tafla 1).

Öllum sýnunum var lýst með tilliti til setgerðar (t.d. leir eða sandur), litar og lyktar og hvort lífverur eða skeljabrot sáust greinilega. Afoxunarmáttur (redox potential) var mældur með Orion 9678BNWP í efstu 2 cm sýna og hiti skráður (skekkjumörk tækis eru 20 mV). Sýrustig (pH) var einnig mælt í efstu 2 cm sýna með Aqua Pro 9156APWP.

Öll botndýrasýni voru sigtuð varlega í rennandi sjóvatni í 0,5 mm (500 µm) sigti strax í sýnatöku. Það sem eftir sat í sigtinu var varðveitt í formalíni (8-10%) og boraxi bætt út í til að sporna við niðurbroti skelja skeldýra.



Kort 1. Staðsetning sýnatökustöðva og viðmiðunarstöðvar á fyrirhuguðu fiskeldissvæði í Seyðisfirði ásamt mynd af straumstefnu. Kortagerð: HBA/Nave©2025.

Úrvinnsla

Formalíni var hellt af sýnunum eftir nokkra daga og alkóhól (70%) sett í staðinn. Dýrin voru síðan flokkuð úr heildarsýni undir víðsjá, Leica MZ 6 og/eða MZ 12, þau greind í tegundir eða hópa eins og kostur gafst með hjálp greiningarlykla og að lokum talin.

Mat á fjölbreytni og skyldleika

Fjölbreytni botndýrasamfélaga var metin með Margalef (d) og Shannon-Wiener (H') fjölbreytileika stuðlum og einsleitni metin með jafnræðisstuðli Pielou (Grey o.fl. 1992, Brage og Thélín 1993). Skyldleiki milli stöðva var reiknaður með Bray-Curtis skyldleika prófi. PRIMER 6 forritið var notað við útreikningana (Clarke og Warwick 2001). Þá var einnig reiknaður AMBI líffræðistuðull með hugbúnaði sem finna má á vefsíðuni www.azti.es.

NQI 1 stuðullinn var líka reiknaður en hann er tengdur AMBI stuðlinum. Ástand botnsins var þá metið viðmiðunargildi samkvæmt skýrslu Hafrannsóknastofnunar (Rakel Guðmundsdóttir og fl. 2022) þar sem Ísafjarðardjúp er flokkað sem/í vatnshlotagerð CS 2152 (tafla 1).

Tafla1. Viðmiðunargildi og mörk ástandsflokka fyrir botnlæga hryggleysingja (botndýr) á mjúkum botni í strandsjó við Ísland, tekið beint frá Rakel Guðmundsdóttir og fl. 2022.

		Norwegian Quality Index 1 (NQI1)			
Vatnshlotagerð	Lýsing	Viðmiðunargildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi
Opið norður/austur (CN1152)	Strandsjór norðanlands og austan þar sem strönd er opin fyrir öldu	1	1- 0,65	<0,65-0,53	<0,53
Skjólsælt norður/austur (CN1352) *	Strandsjór norðanlands og austan þar sem strönd er skjólsæl	1	1-0,65	<0,65-0,53	<0,53
Opið suður/vestur (CS2152)	Strandsjór sunnanlands og vestan þar sem strönd er opin fyrir öldu	1	1-0,58	<0,58-0,45	<0,45
Skjólsælt suður/vestur (CS2352) *	Strandsjór sunnanlands og vestan þar sem strönd er skjólsæl	1	1-0,58	<0,58-0,45	<0,45

* Vegna vöntunar á gögnum um hryggleysingja úr skjólsælum vatnshlotum eru ástandsflokkar fyrir þau sömu og skilgreindir eru fyrir vatnshlot sem eru opin fyrir öldu innan viðkomandi vistsvæðis. Því þarf að taka þeim með fyrirvara um breytingar seinna meir.

NIÐURSTÖÐUR

Staðsetning og einkenni sýnatökustöðva

Staðsetning sýnatökustöðva og lýsingar sýna má finna í töflu 2. Dýpi undir kvíum er um 53 m. Öll sýnin voru dæmigerð mjúk botnsýni með grárri leðju sem blönduð var sandi með litlum skeljabrotum (mynd 7 í viðauka I). Burstaormar og samlokur voru sýnileg í flestum sýnanna en á stöð F fannst líka krossfiskur (*Astropecten irregularis*). Engrar brennisteins lyktar var vart af sýnunum.

Tafla 2. Staðsetning og lýsing á stöðvum í Seyðisfirði í Ísafjarðardjúpi.

Stöð	Hnit (ISN93)	Dýpi (m)	Fjarlægð frá kví (m)	Fjöldi sýna	Lýsing
B	322584 619791	54	100	3	Grá leðja/sandur, lítil skeljabrot.
C	322563 619681	54	300	3	Grá leðja/sandur, lítil skeljabrot.
D	322597 620094	52	100	3	Grá leðja/sandur.
E	322355 620114	50	0	3	Grá leðja/sandur, lítil skeljabrot.
F	322721 619844	52	0	3	Grá leðja/sandur, lítil skeljabrot.
G	322602 620173	52	300	3	Grá leðja/sandur.
H	322830 619742	50	300	3	Grá leðja/sandur, lítil skeljabrot.
V	322566 620677	50	700	3	Grá leðja/sandur, lítil skeljabrot.

Redox og pH mælingar

Eins og lýst var að ofan voru tekin þrjú sýni á hverri stöð og í hverju þeirra voru gerðar mælingar á hitastigi, afoxunarmætti (Eh) og sýrustigi (pH). Fyrir hverja stöð var reiknað meðaltal þessara þriggja mælinga og má sjá þær niðurstöður í töflu 3.

Hitastig stöðvanna var var á bilinu 3,3- 3,7 °C, Eh_{SHE} var á bilinu 133- 195 mV og pH var á bilinu 7,3 -7,5.


Tafla 3. Meðaltal þriggja mælinga á hita, afoxunarmætti (redox) Eh og Eh SHE, og pH í sýnum hverrar stöðvar.

Stöð	Rúmmál greipar	Hiti (°C)	Redox Eh (mV)	Redox EhSHE (mV)	pH
B	Full	3,5	-54	151	7,5
C	Full	3,7	-35	170	7,3
D	Full	3,5	-54	151	7,4
E	Full	3,7	-40	165	7,4
F	Full	3,6	-63	142	7,4
G	Full	3,3	-10	195	7,5
H	Full	3,5	-72	133	7,5
V	Full	3,5	-23	182	7,5

Botndýralíf

Niðurstöður greininga á botndýralífi eftir stöðvum má sjá í viðauka II.

Flestar stöðvar í Seyðisfirði voru með álíka botndýrasamfélag. Burstaormar (Polychaeta) voru algengasti hópurinn með a.m.k 43 flokkunareiningar (taxa). Lindýr voru næst í fjölda en þau voru nær 100% samlokur (Bivalvia) með 11 flokkunareiningar. Krabbadýr var þriðjá hóp með 7 flokkunareiningar en með lítil fjöldi. Ánar (Oligochaeta), ranaormar (Nemertea), sæbelgir (Sipunculidae), kuðungar (Gastropoda), krossfiskar (*Astropecten irregularis*) og þráðormar (Nematoda) voru flokkaðir saman sem „Önnur Dýr“ á mynd 2.



Mynd 2. Hlutfall algengustu dýrahópa í Seyðisfirði.

Algengasta dýrið var burstaormurinn *Cossura pygodactylata* með 724 einstaklinga á 1000 cm² (einst./0,1 m²). Aðrir algengir burstaormar voru í röð eftir fjölda *Euchone cf. incolor* (225 einst./0,1m²), *Prionospio steenstrupi* (75 einst./0,1m²) og *Sternaspis sp.* (61 einst./m²).

Af samlokum var *Ennucula tenuis* (gljáhnýttla) mest áberandi með um 360 einst./0,1m² og svo *Thyasira sp.* (að öllum líkindum hrukkubúlða) með um einst. 229/0,1m².

Fjölbreytileiki

Fjöldi hópa/tegunda (S) á stöð var frá 13 til 41. Fjöldi dýra (N) á stöðvum var milli 123 og 484 dýr á 0,1 m².

Einsleitnin (J') var svipuð á milli stöðva eða milli 0,72 og 0,91. Fjölbreytileikinn $H'(\log_e)$ var milli 2,00 og 2,90. Margalef fjölbreytileikastuðullinn (d) var milli 2,49 og 6,56. AMBI líffræðistuðullinn milli 2,46 og 3,44 og NQI1 milli 0,58 og 0,67 (tafla 4).


Gögnin sem notuð voru fyrir þessa útreikninga eru þau sömu og finna má í viðauka II með þeim undantekningum að þráðormar (nematoda) voru ekki hafðir með í útreikningunum að venju.

Tafla 4. Fjöldi hópa/tegunda (*S*), fjöldi dýra (*N*), jafnræðisstuðull Pileou (*J'*), Shannon-Wiener (*H'*) fjölbreytileikastuðull, Margalef (*d*) fjölbreytileikastuðull, AMBI og NQI1 líffræðistuðlar. Útreikningarnir eru byggðir á fjölda dýra sem fundust í 0,1 m². Þráðormar (nematoda) voru ekki hafðir með í útreikningunum.

Stöðvar	S	N	J'	H'(log _e)	d	AMBI	NQI1
B	30	264	0,84	2,33	5,20	2,88	0,65
C	25	332	0,79	2,17	4,13	3,23	0,60
D	17	136	0,77	2,00	3,26	3,30	0,58
E	41	443	0,91	2,90	6,56	2,85	0,67
F	37	484	0,72	2,10	5,82	3,44	0,62
G	13	123	0,83	2,01	2,49	2,95	0,58
H	25	217	0,81	2,12	4,46	2,65	0,66
V	28	277	0,88	2,57	4,80	2,46	0,67

Skyldleika próf

Niðurstöður Bray-Curtis skyldleikaprófs sýna að 76 % skyldleiki var á milli stöðva B og C og 71% skyldleiki milli stöðva D og G. Um 60% skyldleiki er milli stöðvanna sem nefndar eru hér að ofan og stöðvar E, H og viðmiðunarstöðvar V (mynd 6).



Mynd 6. Niðurstöður Bray-Curtis skyldleika prófs milli stöðva.

UMRÆÐUR

Þessi grunnathugun lýsir einkennum botnsets og samsetningu botndýrasamfélaga á fiskeldissvæðinu í Seyðisfirði í Ísafjarðardjúpi. Niðurstöðurnar verða grunnur til samanburðar í umhverfissvöktun á áhrifum fiskeldis á svæðið.

Botninn undir og í nágrenni kvíanna þar sem sýni voru tekin var mjúkur sjávarbotn.

Afoxunarmáttur í efstu 2 cm setsins mældist um 160 mV. Þessar mælingar eru í samræmi við niðurstöður athugana sem gerðar voru af Hafrannsóknarstofnun í Ísafjarðardjúpi á árunum 2018 og 2019. Í þeim athugunum var afoxunarmáttur að meðaltali 203,9 á 1 cm dýpi sets en 122,6 á 2 cm dýpi. Sýrustig var um 7,4 en í fyrrnefndri rannsókn Hafrannsóknarstofnunar mældist það um 7,55 á yfirborði setsins og 7,43 á 2 cm dýpi (Rakel Guðmundsdóttir o.fl. 2020).

Botndýrasamfélagið var ekki mjög fjölbreytilegt eins og sjá má af niðurstöðum Margalef og Shannon-Wiener fjölbreytileikastuðulsins eða 2,3 þegar tekið er meðaltal stöðvanna. Skyldleiki milli stöðva var misjafn eða um 60% fyrir stöðvar við kví. Algengustu tegundirnar voru burstaormar eins og *Cossura pygodactylata*, *Euchone incolor*, *Prionospio steenstrupi* og *Sternaspis sp.* og samlokurnar gljáhnytla og hrukkubúlða. Þessar tegundir eru einnig meðal algengustu tegunda sem fundist hafa á öðrum svæðum í Ísafjarðardjúpi (Cristian Gallo, 2022, 2023, 2024; Stefán Á. Ragnarsson og fl. 2024).

Niðurstöður AMBI stuðulsins benda til að botninn sýni lítilsháttar röskun (*slightly disturbed*) sem er einkennilegt þar sem svæðið hefur ekki verið notað sem fiskeldissvæði í mörg ár. Niðurstöður NQI1 voru að meðaltali 0,62 og sýna að ástand botnsins sé mjög gott samkvæmt íslensku viðmiðunargildi.


HEIMILDIR

- Borja, A', Franco, J., Perez, V., 2000. *A marine biotic index to establish the ecological quality of soft-bottom benthos within European estuarine and coastal environments*. Marine Pollution Bulletin 40, 1100-1114.
- Borja, A', Josefson, A.B., Miles, A., Muxika, I., Olsgard, F., Phillips, G., Rodríguez, J.G., Rygg, B., 2006. *An approach to the intercalibration of benthic ecological status assessment in the north Atlantic ecoregion, according to the European Water Framework Directive*. Marine Pollution Bulletin.
- Brage, R og I. Thélín, 1993. Klassifisering av miljøkvalitet i fjorder og kystfarvann. Virkningar av organiske stoffer. Statens forurensningstilsyn (SFT).
- Clarke, K.R. and R.M Warwick, 2001. Change in marine communities: An approach to statistical analysis and interpretation. Primer-E Ltd.
- Cristian Gallo. 2022. Grunnathugun við fiskeldissvæði við Bæjahlíð. Unnið fyrir Háafell. NV nr. 6-22, Náttúrustofa Vestfjarða.
- Cristian Gallo. 2023. Grunnathugun fiskeldissvæðis við Skarðshlíð. Unnið fyrir Háafell. NV nr. 3-23. Náttúrustofa Vestfjarða.
- Cristian Gallo. 2024. Grunnathugun fiskeldissvæðis við Ytra Kofradýpi. Unnið fyrir Háafell. NV nr. 1-24. Náttúrustofa Vestfjarða.
- Cristian Gallo og Margrét Thorsteinsson, 2020. Vöktunaráætlun fyrir sjókvíaelði Háafells ehf. í Ísafjarðardjúpi fyrir árin 2020-2025. Unnið fyrir Háafell ehf. NV nr. 1-20. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
- Grey, J.S, A.D. McIntyre og J. Stirn, 1992. Manual of methods in aquatic environment research. Biological assessment of marine pollution – with particular reference to benthos. Part 11. FAO. Fisheries technical paper 324. 49 bls.
- Hargrave, B. T., M. Holmer, C.P. Newcombe, 2008. Towards a classification of organic enrichment in marine sediments based on biogeochemical indicators. Elsevier. Marine Pollution Bulletin 56: 810-824.
- Jón Örn Pálsson, 2023. Seyðisfjörður. Eldi og Umhverfi ehf. 27.3.2023.

- Pearson TH., Rosenberg R., 1978. Macrobenthic succession in relation to organic enrichment and pollution of the marine environment. *Oceanogr Mar Biol Annu Rev* 16: 229-311.
- Rakel Guðmundsdóttir, Sólveig R. Ólafsdóttir, Hjalti Karlsson og Stefán Áki Ragnarsson, 2020. Umhverfisáhrif sjókvíaeldis - Mælingar á efnaferlum í seti íslenskra fjarða. Hafrannsóknastofnun. HV 2020-42
- Rakel Guðmundsdóttir, Sólveig R. Ólafsdóttir, Steinunn Hilma Ólafsdóttir, Pamela Woods, Lilja Gunnarsdóttir, Karl Gunnarsson, Kristinn Guðmundsson og Eydís Salome Eiríksdóttir, 2022. Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun strandsjávar. Hafrannsóknastofnun. HV 2022-39.
- Stefán Áki Ragnarsson, Hildur Magnúsdóttir, Hjalti Karlsson, Rakel Guðmundsdóttir og Laure de Montety. 2024. Vöktun á botndýralífi og umhverfispáttum í rannsóknum á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis. *Arnarfjörður og Ísafjarðardjúp* 2018. HV 2024-49. Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna. Hafnafjörður.
- Umhverfisstofnun, 2021. Starfsleyfi fyrir kvíaeldisstöð. Umhverfisstofnun. Sótt á vef þann 11.6.2021 af slóð: https://www.ust.is/library/sida/atvinnulif/starfsleyfi-og-eftirlitsskyrslur/02_Starfsleyfi%20H%c3%a1afells%20ehf.%20%c3%8dsafjar%c3%b0ardj%c3%bapi_undirrita%c3%b0.pdf

VIÐAUKI I.

Mynd 7. Sýni sem tekin voru við grunnathugun fiskeldissvæðis í Seyðisfirði. Myndirnar voru teknar af sýnunum þegar þau voru losuð úr greipinni fyrir sigtun.







VIÐAUKI II.

Tafla 6. Niðurstöður greininga á botndýralífi á stöðvum teknum í Seyðisfirði í Ísafjarðardjúpi. Taflan sýnir fjölda dýra á 0,1 m² hverrar stöðvar (sbr. tafla 1).

Hópur/Ætt/tegund	Íslensk heiti	Stöð							
		B	C	D	E	F	G	H	V
Annellida Polychaeta	Burstaormar								
<i>Ampharete</i> sp.						1,3			
<i>Aricidea</i> sp.						1,3			
<i>Capitella capitata</i>						2,7			2,7
<i>Chaetozone</i> sp.		4,0	1,3		6,7	4,0	2,7	2,7	2,7
<i>Cossura pygodactylata</i>		77,3	138,6	60,0	96,0	247,9	32,0	45,3	26,7
<i>Eteone</i> sp.		1,3	4,0	4,0	8,0	10,7	2,7	5,3	2,7
<i>Euchone</i> cf <i>incolor</i>		33,3	29,3	10,7	48,0	17,3	10,7	14,7	61,3
<i>Euchone papillosa</i>					2,7	21,3			
<i>Exogone</i> sp.					4,0	1,3			
<i>Galathowenia oculata</i>		2,7	4,0	1,3	14,7	2,7	2,7	2,7	6,7
<i>Glycera</i> sp.						1,3			
<i>Goniada</i> sp.		1,3				1,3			4,0
Hesionidae			1,3					1,3	
<i>Heteromastus filiformis</i>								1,3	
<i>Laonome kroyeri</i>					1,3				
<i>Laphania boeckii</i>					14,7				
<i>Levinsenia gracilis</i>		2,7	2,7		26,7	1,3		1,3	2,7
Lumbrineridae		1,3	6,7	2,7	9,3	2,7	2,7	1,3	6,7
<i>Maldane sarsi</i>					4,0				
<i>Mediomastus fragilis</i>		9,3	4,0	1,3	2,7	4,0		2,7	6,7
<i>Melinna cristata</i>			2,7		1,3				2,7
<i>Microphthalmus aberrans</i>						1,3			
<i>Nephtys</i> sp.		5,3	2,7	4,0	4,0	6,7	2,7	5,3	2,7
<i>Nicomache</i> sp.									1,3
<i>Parougia nigridentata</i>		1,3	5,3		5,3	18,7			1,3
Pectinaridae		1,3							
<i>Pherusa falcata</i>					1,3				
<i>Praxillella</i> sp.		2,7	5,3	2,7	14,7		4,0	1,3	6,7
<i>Prionospio</i> cf <i>cirrifera</i>					1,3				
<i>Prionospio steenstrupi</i>		9,3	9,3	5,3	18,7	4,0	6,7	2,7	18,7
<i>Proclea grafii</i>		1,3			2,7				1,3
<i>Rhodine</i> sp.		1,3			5,3	1,3			
Sabellidae						2,7			
<i>Sabellides</i> sp.					1,3				
<i>Scalibregma inflatum</i>		1,3				6,7	1,3		
<i>Scoloplos armiger</i>									1,3
Sphaerodoridae		1,3							
<i>Spio goniocephala</i>		1,3		4,0	1,3	1,3			

<i>Sternaspis sp.</i>		2,7	2,7		42,7	5,3		1,3	6,7
Syllidae		2,7	6,7		8,0	12,0		2,7	6,7
Terebellidae					1,3				
<i>Terebellides stroemii</i>					1,3				2,7
<i>Trichobranchus sp.</i>					1,3				
Anellida Oligochaeta	Ánar		2,7		2,7				
Bivalve	Samlokur								
<i>Abra nitida</i>	Lýsuskel	1,3	5,3		4,0	6,7	1,3	4,0	5,3
<i>Arctica islandica</i>	Kúfiskel	1,3							
<i>Astarte sp.</i>					2,7				
<i>Ennucula tenuis</i>	Gljáhnyttla	49,3	44,0	12,0	42,7	54,7	29,3	70,6	57,3
<i>Macoma calcarea</i>	Halloka				2,7	1,3			
<i>Mya sp.</i>		1,3	2,7			1,3		1,3	
<i>Nuculana pernula</i>	Trönuskel				2,7	1,3		1,3	
<i>Nuculana minuta</i>	Trönusystir	1,3	5,3						2,7
<i>Parvicardium pinnulatum</i>	Pétursskel		1,3		1,3				
<i>Thyasira cf flexuosa</i>	Hrukkubúlda	36,0	36,0	20,0	20,0	22,7	24,0	41,3	29,3
<i>Yoldia hyperborea</i>	Kolkuskel	4,0		2,7	1,3				
Gasteropoda	Kuðungar								
Philinidae			2,7	1,3	1,3			1,3	
Nudibranchia	Bertálknar							1,3	
<i>Patella pellucida</i>	Þarahetta								1,3
Arthropoda	Krabbadýr								
Copepoda	Krabbaflær			1,3		2,7			
Decapoda	Agnir					2,7			
Dulichidae	Marflær					1,3			
<i>Eudorella sp.</i>	Pungrækjur				4,0			1,3	
<i>Leucon sp.</i>	Pungrækjur								1,3
Oedicerodidae	Marflær	1,3				1,3		1,3	
<i>Pandalus borealis</i>	Rækja	2,7							
Nemertea	Ranaormar		5,3	1,3	6,7	5,3		1,3	5,3
Sipuncula	Sæbelgir			1,3					
Echinodermata	Skrápdýr								
<i>Astropecten irregularis</i>	Krossfiskur					1,3			
Nematoda	Þráðormur		2,7	4,0	5,3			9,3	6,7